



Félagsráðgjafar í grunnskólum **Eiga félagsráðgjafar erindi í grunnskólana?**

Elva Dögg Guðbjörnsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félagsráðgjafar í grunnskólum
Eiga félagsráðgjafar erindi í grunnskólana?

Elva Dögg Guðbjörnsdóttir
250376-4489

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarkennari: Anni Guðný Haugen
Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Elva Dögg Guðbjörnsdóttir, 2012

Prentun: Bóksala Stúdenta
Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar eru störf félagsráðgjafa í grunnskólum Íslands. Markmið mitt var að kanna hvort félagsráðgjafar ættu að vera hluti af kennarateymi grunnskólanna. Í dag eiga grunnskólar á Íslandi að vera skólar án aðgreiningar sem þýðir að öll börn eiga jafnan rétt til menntunar við sitt hæfi óháð því hvert líkamlegt eða andlegt atgervi þeirra er. Í ritgerðinni verður fjallað um félagsráðgjöf og hvað felst í því að starfa sem félagsráðgjafi. Skólafélagsráðgjöf eru gerð skil og farið er í söguna á bak við störf félagsráðgjafa í grunnskólum. Skoðaður er munurinn á menntun náms- og starfsráðgjafa og félagsráðgjafa og störf þeirra borin saman. Náms- og starfsráðgjafar starfa í skólanum lögum samkvæmt en störfin sem þeir sinna í grunnskólunum falla ekki síður að þeim skilgreiningum sem settar eru um störf félagsráðgjafa.

Hugmyndafræðin um skóla án aðgreiningar varðar þann fjölbreytta hóp barna sem stundar nú nám í grunnskólum landsins. Einnig verður fjallað um teymisvinnu í starfi með börnum ásamt mikilvægi góðrar samvinnu heimilis og skóla.

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt til BA-gráðu í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands.

Mikill og lærdómsríkur tími hefur farið í þetta verkefni og þegar kemur að leiðarlokum er ég enn staðráðnari í að skólafélagsráðgjöf er starfsvettvangur sem hentar mér mjög vel. Frá því að skrifin hófust hefur margt breyst í lífi mínu og má þar helst nefna að þriðja barnið bættist í barnahópinn minn. Litli prinsinn sem fæddist hefur verið mjög svo tillitssamur við móður sína og sofið mikið á þessum tíma sem ritgerðin hefur verið skrifuð. Því vil ég þakka honum sérstaklega fyrir að vera svona mikill gullmoli. Eiginmaður minn hefur sýnt mér mikinn stuðning og hvatt mig áfram að klára námið.

Sérstakar þakkir fær Margrét Halldórsdóttir vinkona mín fyrir ómetanlegan stuðning og yfirferð á ritgerðinni, án hennar væri ég ekki í þeim sporum sem ég er núna að klára verkefni sem þetta. Að lokum vil ég þakka umsjónarkennara mínum og leiðbeinanda, Anni Guðnýju Haugen lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, fyrir leiðsögn í gegnum ferlið.

Efnisyfirlit

Inngangur	8
Skóli án aðgreiningar	12
Börn í fjölbreyttu skólasamfélagi.....	16
Félagsráðgjöf	20
Skólafélagsráðgjöf	22
Starf skólafélagsráðgjafa	24
Störf náms- og starfsráðgjafa innan grunnskólans.....	29
Samanburður á starfslýsingum félags- og náms- og starfsráðgjafa	31
Þverfagleg teymisvinna í samstarfi heimilis og skóla	32
Niðurstöður	37
Umræður	39
Lokaorð	40
Heimildaskrá.....	41

Inngangur

Miklar breytingar hafa orðið undanfarin ár í grunnskólum landsins, nemendahópurinn er orðinn fjölbreyttari og það kallar á aukna fagþekkingu hjá starfsfólki skólans. Í 13. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla er sagt að allir nemendur grunnskóla eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi. Fyrir ekki svo löngu gátu nemendur sem áttu við einhver vandamál að stríða, langveik börn eða börn með sérþarfir, ekki leitað til neins í skólanum með vandamál sín nema helst þá kennarans. Sem betur fer hefur þetta breyst, nokkrir skólar eru með félagsráðgjafa í starfshópum sínum, nemendur geta leitað til þeirra með sín persónulegu vandamál og fengið aðstoð með það sem þau þurfa aðstoð við. Í allflestum skólum eru það náms- og starfsráðgjafar sem sinna persónulegum vandamálum barna þrátt fyrir að það teljist ekki til faglegrar menntunar þeirra. Þeir sem koma að því að aðstoða grunnskólabörn í vanda gera það eftir sinni bestu getu og senda þau mál sem ekki finnst lausn á til aðila sem hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði. Því er það afar nauðsynlegt eins og skólasamfélagið er orðið í dag með hugmyndafræði skóla án aðgreiningar að hafa einnig skólafélagsráðgjafa sem fastan hlekk í starfsmannahópi grunnskólans. Stór starfsmannahópur með breiða faglega þekkingu vinnur þá sem hluti af teymi þar sem mætast einstaklingar sem hafa til að bera faglega þekkingu í hvers konar starfi með börnum.

Áhugi minn á að skrifa um skólafélagsráðgjöf kom til vegna þess að mér hefur alltaf þótt gaman að vinna með börnum en ekki sem kennari eða leikskólakennari. Lengi vel vann ég í leikskóla og kom að málum þar sem félagsráðgjafi kom inn til aðstoðar við hin ýmsu mál. Fannst mér starfið hans áhugavert og fór ég í kjölfarið að skoða hvað ég þyrfti til að gerast félagsráðgjafi. Við nánari skoðun á faginu komst ég alltaf að þeirri niðurstöðu að skólafélagsráðgjafi væri eitthvað sem myndi henta mér mjög vel. Við gerð þessarar ritgerðar er ég enn vissari um framtíðaráform mín varðandi mitt framtíðarstarf. Skólafélagsráðgjafi er vandasamt starf sem myndi henta mér mjög vel, áhuginn felst einnig í að starfa með börnum á skólaaldri.

Í þessari ritgerð er áherslan lögð á skólafélagsráðgjöf og sýnt er fram á hversu mikilvægt það er að hafa félagsráðgjafa í öllum skólum landsins, þrátt fyrir að

starfssvið þeirra sé ekki skilgreint í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla. Leitast er við að svara spurningunni: *Eiga félagsráðgjafar erindi í grunnskóla landsins?*

Ritgerðin skiptist í nokkra kafla. Fyrst verður fjallað um félagsráðgjöf og farið verður í menntun félagsráðgjafa. Þar á eftir kemur skólafélagsráðgjöf, þar sem saga skólafélagsráðgjafar er rakin. Störf félagsráðgjafans eru skoðað og hvaða mál það eru sem helst er verið að sinna í grunnskólanum. Rannsókn á ofbeldi gegn konum, viðbrögð grunnskólastjóra 10 grunnskóla kom út árið 2010 eru gerð greinaskil. Náms- og starfsráðgjöf er skoðuð og hvaða málum þeir eru að sinna í starfi sínu, einnig er menntun þeirra skoðuð ásamt skýrslu sem Menntasvið Reykjavíkurborgar gaf út árið 2006 um greiningu á störfum náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur. Borin verða saman störf félagsráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa í grunnskólanum út frá menntun þessara stétta og verða grunnskólalögin skoðuð í þessu samhengi. Síðan er farið í að skoða skóla án aðgreiningar og því gerð skil hvað skólasamfélagið hefur breyst mikið á stuttum tíma. Þar á eftir er farið yfir hversu fjölbreyttur barnahópur stundar nám í skólasamfélaginu og skoðað hvað börn með sérþarfir, fötluð eða langveik, þurfa að takast á við á sinni skólagöngu. Skoðaðar verða þær reglugerðir og lög er varða jafnan rétt allra barna til náms.

Þverfagleg teymisvinna vegna grunnskólabarna verður einnig skoðuð og hlutverki nemendaverndarráðs verða gerð skil, skylda er að í hverjum skóla starfi slíkt ráð sem samanstendur af nokkrum fagstéttum. Síðast en ekki síst er farið yfir mikilvægi samvinnu heimilis og skóla og skoðað hversu mikilvægur þáttur það er að hafa góða samvinnu á milli þessara tveggja veigamiklu þátta í lífi nemandans.

Sökum þess hversu erfitt var að finna ritrýndar heimildir um raunveruleg störf og starfssvið félagsráðgjafa í grunnskólum verður að hluta til notast við heimasíðu Félagssráðgjafafélags Íslands og upplýsingar sem fengust í viðtölum við starfandi félagsráðgjafa í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Grunnskólinn og tenging við barnavernd

Fram kemur í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla að öllum sveitarfélögum er skylt að starfrækja grunnskóla fyrir öll börn á skólaskylduáldri. Nám í grunnskólum miðast við námsmarkmið aðalnámsskrár grunnskóla. Skólinn skipar stóran sess í lífi barna og er oftast nær einn af áhrifavöldum þess. Samstarfið á milli nemenda, heimilis og skóla getur reynst góður bakhjarl ef að vel heppnast því er nauðsynlegt að í byrjun náist góð samvinna (Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West, 1999).

Í 13. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla er sagt að allir nemendur grunnskóla eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi. Í drögum að nýrri aðalnámsskrá grunnskóla, almennum hluta frá 2011 sem byggður er á lögum 91/2008 um grunnskóla er þeim markmiðum lýst sem eiga við um alla nemendur og starfsmenn grunnskóla. Aðalnámsskráin nýtist sem viðmið við mat á skólastarfi og gerir ráð fyrir því að stærstur hópur nemenda nái þeim markmiðum sem sett eru á sambærilegum tíma. Þar er jafnframt sérstaklega tekið fram að markmið aðalnámsskrárinnar eigi hvorki að flokkast sem lágmarks- eða hámarksmarkmið. Það sé skylda hvers skóla fyrir sig að aðlaga námið hverjum einstaklingi fyrir sig, þannig fái allir nám við sitt hæfi (Mennta- og menningamálaráðuneyti, 2011).

Öll börn landsins eru skólaskyld og þar með sækja þau öll grunnskóla og hafa því sama rétt á tækifærum til náms. Innan skólans er fjölbreyttur hópur barna með ýmiss konar bakgrunn sem kallar á aukna sérfræðipækkingu þeirra sem starfa innan grunnskólans. Öll börn eiga rétt á greiningu á þeim vanda sem þau búa við og viðunandi aðstoð við þeim vandamálum sem upp kunna að koma, í því samhengi er rétt að benda á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns. Í inngangi að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að viðurkenning á meðfæddum einkennum og jöfnum rétti allra manna sé grundvöllur frelsis og friðar í heiminum (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992). Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem undirritaður var af Íslands hálfu 26. janúar 1990 og fullgildur 28. október 1992 er sagt í 3. gr. um meðferð barna að það sem barni sé fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins

opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. Í 2. gr. sáttmálans kemur svo fram að með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Þegar sá hópur sem sækir grunnskóla landsins verður fjölbreyttari eykst umfang þeirra mála sem fagfólk skóla tekst á við. Í lögum nr. 80/2002 um barnavernd er sagt í 1. mgr. í 12. gr. um eftirlit með börnum að hlutverk barnaverndar sé að kanna aðbúnað, hátterni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum. Í 2. mgr. í 12. gr. sömu laga er svo sagt um úrræði að barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum samkvæmt lögum þessum til verndar börnum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð þeirra. Séu börn með opin barnaverndarmál þegar þau hefja skólagöngu sína og eins á meðan á skólagöngu þeirra stendur er mikilvægt að starfsfólk hafi faglega þekkingu til veita þá aðstoð sem óskað er eftir frá barnavernd. Fram kemur í grein dr. Guðrúnar Kristinsdóttur; *Þroskast þó hægt fari – frá barnavernd til barnalaga* að oft virðist sem almennur skilningur á hugtakinu barnavernd sé fremur bundinn við lögin. Þau sjónarmið sem lúta að verndun stangast því ekki á við þá kröfu um aukinn rétt og áhrif. Það að vernda einstakling felur ekki í sér að takmarka frelsi. Takmörkun frelsis verður aftur á móti ef sá sem verndaður er, er ekki virtur. Hér er vísað í nauðsyn þess að öll börn séu virt, einnig þau börn sem tilheyra barnavernd (Guðrún Kristinsdóttir, 1995).

Skóli án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar byggir á hugmyndum um lýðræði, manngildi og félagslegt réttlæti. Í 13. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla er sagt að allir nemendur grunnskóla eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi. Í 2. grein reglugerðar um sérkennslu nr. 398/1996 er svo sagt að skólinn skuli laga starf sitt að getu og þroska hvers nemanda þannig að allir fái nám við sitt hæfi.

Dóra Bjarnason og Grétar Marinósson (2007) vitna í skilgreiningar Dianne Ferguson þegar hugsað er um menntun án aðgreiningar. Ferguson telur að þegar skólinn sé án aðgreiningar sé fjölbreytnin talin norm, menntun hvers nemanda teljist gæðamenntun þar sem stuðningur miðast við þarfir hvers og eins. Börn sem vegna utanaðkomandi aðstæðna þurfa að stunda nám sitt í sérskólum njóta því síður þeirra réttinda að stunda nám sitt án aðgreiningar. Félagslegt sjónarhorn á fötlun gerir ráð fyrir fjölbreytninni og því að skólinn lagi sig að þörfum hvers og eins (Dóra Bjarnason og Grétar Marinósson, 2007). Félagslegt sjónarhorn um fötlun lítur svo á að félagslegar hindranir líkt og þær sem finnast í umhverfinu eigi stóran þátt í sköpun fötlunar einstaklingsins (Rannveig Traustadóttir, 2003). Læknisfræðilegt sjónarhorn á fötlun lítur hinsvegar á fötlun sem andstæðu þess sem er heilbriggt og eðlilegt. Litið er á fötlunina sem persónulegan harmleik og skerðingin talin uppspretta allra erfiðleika, án þess að skoða áhrif umhverfis og aðstæðna á einstaklinginn (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Sálfræðingurinn Bronnfenbrenner kom með vistfræðilega sjónarhornið (Ecological perspective) sem beinir sjónum sínum að gagnkvæmum samskiptum barna við umhverfið sitt og hefur þessi kenning nýst vel í störfum félagsráðgjafa (Dupper, 2003). Það er ekki bara fjölskyldan sem hefur áhrif á þroska barnsins heldur einnig umhverfið sem barnið býr í og það samfélag sem barnið elst upp í. (Bee og Body, 2004). Vistfræðilega sjónarhornið hentar vel þegar það þarf að fá meiri innsýn í hegðun einstaklingsins og einnig til að greina samskipti innan og á milli félagslegra kerfa (Farley o.fl., 2006). Nemendur eru hluti af ýmsum félagslegum kerfum svo sem skóla og fjölskyldu og það er þeim lífsnauðsynlegt að geta verið þeir sjálfir innan

þessara kerfa. Með vistfræðilega sjónarhornið að leiðarljósi getur félagsráðgjafinn skoðað vanda nemenda í víðara samhengi (Dupper, 2003).

Dianne Ferguson spyr í grein sinni: *The real challenge of inclusion* hvort nám án aðgreiningar feli meira í sér en að deila rými. Svarið við þeirri spurningu gæti eflaust verið falið í skrifum Shapon-Shevin í bók hennar *Widening the Circle* þegar hún skrifar um það að taka afstöðu með samfélagslegu réttlæti. Þar kemur fram að börn sem hafi lært að styðja bekkjarfélaga með tilfinninga- og hegðunarerfiðleika séu síður líkleg til að hræðast aðra einstaklinga með erfiða hegðun. Þeir sem hafi unnið sig í gegnum eigin ótta vegna þeirra sem líta, hljóma eða haga sér á einhvern hátt öðruvísi taki þá reynslu sína með sér út í lífið. Með því að sigrast á ótta sínum við það óþekkta er líklegra að einstaklingar spyrji sjálfan sig frekar hvort hægt sé að horfa á viðkomandi með annarri sýn og velta fyrir sér hver sé sagan á bak við einstaklinginn í stað þess að fordæma hann. Einstaklingar verða þannig hæfari til þess að lifa lífi sem einkennist fremur af lausnamiðuðum ákvörðunum en fordómum. „Án aðgreiningar“ (inclusion) snúist í raun um samfélagslegt réttlæti. Lærdómurinn sem felst í skólastofum án aðgreiningar sé einnig fólgin í því að berjast gegn því að aðgreina, sjá hluti frá ólíkum sjónarhornum og þróa með sér hugrekki til þess að bregðast við mótlæti svo hægt sé að skapa samfélag án aðgreiningar (Shapon-Shevin, 2010).

Nieto (2010) vekur athygli á því í bók sinni *The light in their eyes* að þegar skólar leggi áherslu á að sinna vel öllum þeim hópum sem stundi þar nám, einnig minnihlutahópum, hvort sem þeir eru með sérþarfir eða af öðru þjóðerni, skapi þeir um leið gæðamenntun fyrir alla. Þegar sá áfangi næst, að hugsa ekki lengur um alla nemendurna sem *venjulega* eða *öðruvísi*, þá er skólakerfið einu skrefi nær því að vera án aðgreiningar. Án aðgreiningar gerir okkur kleift að viðurkenna að línan á milli *okkar* og *þeirra* er merkingarlaus og það kennir okkur að hugsa um *við* í staðinn fyrir *ég* (Shapon-Shevin, 2007).

Danforth og Smith skrifa í grein sinni: *Considering Inclusive Education* um mikilvægi þess að kynnast til að geta horfst í augu við það sem við ekki þekkjum. Einnig er vakin athygli á mikilvægi samfélagslegra breytinga til að geta hætt að aðgreina. Nauðsynlegt sé að horfast í augu við eigin ótta og fordóma til þess að

þroska virðingarverð samskipti við aðra (Danforth og Smith, 2008). Dupper (2003) greinir frá því að það að geta gripið inn í áður en vandamálin skjóta upp kollinum sé viss forvörn. Ef að vandamál koma upp er nauðsynlegt að líta ekki á það sem persónulega truflun heldur skort á aðlögunar- og samskiptahæfni milli nemenda og annarra kerfa. Geti félagsráðgjafi skoðað mál allra barna út frá heildarmyndinni opnast fleiri möguleikar sem hægt er að grípa til (Dupper, 2003).

Þegar kjöraðstæður skapast til náms er námið sjálft og kennsluaðferðirnar fjölbreyttar, kennslan er vel skipulögð og námsmatið er fjölbreytt. Svo unnt sé að koma til móts við sem flesta nemendur þyrfti námsskráin að vera byggð á heilðrænum aðferðum og meiri áhersla væri á námsferlið sjálft en inntakið. Hafa þarf í huga í öllu námi hvers einstaklings að markmiðin með náminu séu einstaklingsmiðuð og lýsandi fyrir það sem nemandi á að kunna, læra og skilja. Áætluð framkvæmd markmiðanna lýsir því svo með hvaða hætti ætlunin er að ná markmiðunum og hvaða væntingar eru gerðar til kennslunnar og nemandans. Þegar námsframvinda er metin er gott að hafa í huga að sumt er nauðsynlegt að vita, skilja og geta, sumt er gaman að hafa á valdi sínu þrátt fyrir að það skipti ekki öllu máli þegar horft er til námsframvindunnar (Hafdís Guðjónsdóttir, 2008). Nám er virkt ferli þar sem merkingin þróast á grundvelli fyrri reynslu (Nieto, 2010). Þarna er okkur gefið að við lærum af reynslunni og getum þar með þróað með okkur nýja þekkingu og færni. Heimspekingurinn Jerome Bruner (1996) telur nám mun meira en það að ná kunnáttumarkmiðum, hann telur nám vera að miklu leyti virkt félagslegt ferli á þann hátt að ekki er einungis kennt að miðla kunnáttunni heldur einnig á þann veg að vinna samhliða nemendum og gefa þeim þannig tækifæri til að uppgötva, skapa og draga eigin ályktanir. Þegar talið er að nám byggist mikið á reynslu er mikilvægt að hafa í huga að innlegg allra nemenda er jafn mikilvægt í náminu. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir að allir nemendur hafi mikilvæga reynslu og viðhorf sem þeir leggja í sameiginlegan sjóð menntunar (Nieto, 2010).

Það er hagkvæmt fyrir einstakling að læra af reynslunni til að geta öðlast þá færni að draga ályktanir, á meðan á slíkri kennslu stendur er síður hægt að sýna fram á markaðstengda einkunnarkvarða sem gera skólana og/eða nemendur þeirra að verðmætari söluvöru. Ef gildi á borð við hagkvæmni verða allsráðandi í

skólasamfélaginu missir sú samfélagslega kennsla sem á sér stað gildi sitt á kostnað kapps við að ná tölulegum markmiðum (Hafdís Guðjónsdóttir, 2008). Til að hugmynd eins og skóli án aðgreiningar verði í raun að veruleika er nauðsynlegt að hugmyndafræðin sjálf og gildi hennar sem tala fyrir góðri menntun fyrir öll börn hafi góða talsmenn. Ef hugmyndin á að ná fram að ganga í skólasamfélaginu er nauðsynlegt að þau teymi sem leiða það faglega starf sem á sér stað í grunnskólum landsins hafi sérfræðinga sem eru sérstaklega menntaðir til að taka á hvers konar málefnum í fjölbreyttum barnahópi (Dóra Bjarnason og Grétar Marinósson, 2007). Félagráðgjafar hafa sérfræðipækingu á ráðgjöf og handleiðslu vegna málefna er varða börn og fjölskyldur þeirra og ættu því að vera nauðsynlegur hlekkur þegar hugað er að þverfaglegu teymi (Jozefowicz-Simbeni, 2008). Eins og áður hefur verið sagt byggir skóli án aðgreiningar á hugmyndum um manngildi, lýðræði og réttlæti. Hugmyndin byggir á því að skólarnir verði og séu fyrir alla, þegar svo er verður sá hópur barna sem stundar nám við grunnskóla landsins fjölbreyttur. Fjölbreyttur hópur barna með ólíkan bakgrunn reynir á faglegan bakgrunn þeirra sérfræðinga sem koma að skólasamfélaginu (Shapon-Shevin, 2010).

Börn í fjölbreyttu skólasamfélagi

Á Íslandi er skólasamfélagið stórt og viðamikilið starfssvið sem margir koma að. 174 grunnskólar eru starfandi í landinu og eru nemendurnir um það bil 43.000 talsins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.). Sveitafélögin tóku við starfsemi grunnskólanna árið 1996 og er það í þeirra verkahring að sjá um allan reksturinn og alla þá þjónustu sem grunnskólinn býður upp á, þar með talið sérfræðiþjónustu og sérúrræði. Þau grunnskólalög sem grunnskólar vinna starf sitt eftir í dag tóku gildi þann 12. júní 2008 og standa þau vörð um réttindi barnanna til náms (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Reglugerð um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla nr. 584/2010 segir að sveitafélögin í samráði við fræðslufirvöldin skulu tryggja að allir skólar hafi aðgang að þeirri sérfræðiþjónustu sem þörf er á. Samkvæmt lögum nr. 91/2008 um grunnskóla kemur fram í 4. mgr. í 40. gr. að skólastjóra sé skylt að samræma innan hvers skóla störf þeirra starfsmanna sem sjá um málefni nemenda sem þurfa sérfræðiþjónustu. Hlutverk sérfræðiþjónustunnar er að efla skóla sem faglegar stofnanir í þeim tilgangi að geta leyst flest þau verkefni sem upp koma í almennu skólastarfi. Þjónustan á að nýtast öllum þeim sem að grunnskólanum koma, hvort sem það eru börnin, kennararnir, starfsfólks skólans eða foreldrarnir.

Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Í grunnskólum landsins er samankominn fjölbreyttur hópur barna íslensks samfélags. Börnin eru af öllum stærðum og gerðum og hafa öll sín sérkenni. Það gefur því augaleið að starf innan grunnskólans getur verið bæði fjölbreytt og krefjandi. Nauðsynlegt er sökum þess að kennarar, foreldrar, félagsráðgjafar, sérkennarar og sálfræðingar hittist reglulega og beri sameiginlega ábyrgð á því að ná árangri með nemandann (Loyd, G og Munn, P, 1999).

Um leið og læknávísindin verða fullkomnari fjölga þeim hópi barna sem getur stundað grunnskólagöngu sína meðal jafnaldra þrátt fyrir veikindi sín. Það er að ýmsu að hyggja við skólagöngu langveikra barna. Taka þarf tillit til barnanna sjálfra,

samnemenda þeirra, kennara og annars starfsfólks. Börn verja miklum tíma í skólanum og þar af leiðandi spila kennarar og annað starfsfólk skólanna stórt hlutverk í lífi barnanna. Kennarar/starfsfólk er í nánum samskiptum við börnin og ættu því að vera í aðstöðu til að fylgjast með og koma auga á ef erfiðleikar steðja að hjá barninu. Skólinn er í aðstöðu til að styðja börnin og fjölskyldur þeirra í gegnum erfið tímabil (Gilligan, 1998). Langveik börn hafa sömu þarfir og væntingar og heilbrigð börn, börn sem þurfa tíðar sjúkrahúsinnlagnir vegna alvarlegra veikinda hafa sérstaklega mikla þörf fyrir öryggi en einnig fyrir frelsi til að leika sér og fá útrás fyrir sköpunarþörf sína. Langtímaveikindi hjá börnum hafa áhrif á allt fjölskyldulífið (Umhyggja, 2012). Snæfríður Þóra Egilsson (2004) leggur áherslu á að skoða þurfi marga samspilandi þætti hverju sinni til að virkja þátttöku nemenda. Þar verður að skoða persónulega þætti nemandans, umhverfisþátt, aðstæður og viðfangsefni. Í heildarniðurstöðum kom ítrekað fram skortur á þekkingu, skipulagi, aðgangi að fagfólki og samvinnu milli skóla, fjölskyldu, heilbrigðis- og félagskerfis. Snæfríður (2004) segir að skilningur menntakerfisins á þörf fyrir aukna og fjölbreytilega þjónustu vegna nemenda með hreyfihömlun hafi verið takmarkaður. Hún segir hugsanlegt að breytt tilhögun í skólastarfi leiði til aukinnar samhæfingar á þjónustu enda sé það einn af hornsteinum í skólastarfi án aðgreiningar.

Þegar barn verður fyrir sálrænum og líkamlegum áföllum í æsku hefur það oft í för með sér neikvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega líðan þeirra. Þau eiga það til að þróa með sér hegðunar-, hugræn og félagsleg vandkvæði sem taka á sig ýmsar birtingarmyndir. Börn sem verða fyrir erfiðri lífsreynslu eiga á hættu að þróa með sér ýmsa geðræna sjúkdóma eins og áfallastreituröskun og upplausnar-hegðunarvandkvæði. Erfið lífsreynsla getur haft það í för með sér að börn eru seinni til að þróa með sér mál- og vitsmunarþroska, sýna oft slakan námsárangur, tilfinningadeyfð, lágt sjálfsmat eða þróa með sér árásargirni. Þau glíma einnig við ýmis geðræn vandamál svo sem kvíða, þunglyndi og persónuleikaraskanir. Erfitt getur verið að gera grein fyrir afleiðingum vanrækslu einnar og sér, hún helst oft og tíðum í hendur við annarskonar félagsleg vandkvæði. Afleiðingar ofbeldis eru að mörgu leyti svipaðar, svo sem slakur hugrænn og vitsmunalegur þroski, ofbeldishneigð, léleg félagsfærni, vonleysi, sjálfsvígshugsanir, kvíði og þunglyndi

(Miller-Perrin o.fl., 2007). Nauðsynlegt er fyrir fagfólk að vera vakandi fyrir þeim þáttum sem fræðimenn hafa skilgreint að geti spáð fyrir um erfiða hegðun barns. Fjölskyldueinkenni virðast geta spáð fyrir um ákveðna tilfinninga- og hegðunarvanda og þróast þeir í flóknu samspili við aðra þætti, svo sem félagsfræðilega stöðu, stuðning utan fjölskyldunnar, aldur barnsins, kyn, og skapgerðareinkenni. Þegar nokkrir áhættuþættir koma saman eins og fátækt, andfélagsleg hegðun foreldra, ofbeldi og erfitt skap eru meira en tvöfaldar líkur á að barn þrói með sér röskun. Börn geta glímt við hegðunarvanda á erfiðum tímabilum lífs síns, vegna veikinda, erfiðra fjölskylduaðstæðna eða annarra ástæðna sem vitað er um. Mikilvægt er að starfsfólk skóla sé vakandi fyrir þeim breytingum sem geta orðið á hefðbundinni hegðun barns og geti brugðist rétt við hverju sinni (Kauffman og Landrum, 2009). Ein þeirra kenninga sem liggur að baki starfi félagsráðgjafa er félagsnámskenning Alberts Bandura.

Albert Bandura setti fram félagsnámskenningar á 6. áratug síðustu aldar og urðu þær strax mjög vinsælar, með árunum hafa þær þróast til hins betra. Ein af hans kenningum fjallaði um félags- og tilfinningalegt nám. Markmið hennar er að áhersla er lögð á hugsunarferlið og hvernig einstaklingar hugsa um sjálfa sig og aðra með því að nota herminám (observational learning) en það er talið einn af grundvallarþáttum í þroska hvers einstaklings (Berk, 2007). Bandura vildi meina að bein styrking er ekki skilyrði fyrir því að börn læri, tileinki sér nýja hæfni né breyti sinni eigin hegðun. Þau læra það sem fyrir þeim er haft og læra af fyrirmyndum. Með því að fylgjast með hvað aðrir eru að gera og kanna þau viðbrögð sem viðkomandi fær með hegðun sinni geta þau sjálf þróað með sér sjálfstraust, viðhorf, gildi og lausnir (Berk, 2007; Bee og Boyd, 2004; Gough, 1999). Þegar börn læra að tileinka sér félagslega hegðun taldi Bandura herminámið mjög mikilvægt fyrir þau. Rannsókn hans sýndi að börn geti tileinkað sér slæma hegðun með herminámi en Bandura var þess fullviss að það sama gildi um góða hegðun eins og til dæmis umhyggju (Wade og Tavis, 2006). Félagsnámskenning Bandura hefur hentað vel þegar stöðva þarf hegðun sem ekki er við hæfi og efla þarf hegðun sem telst viðeigandi hjá einstaklingum. Þeir sem gagnrýna kenninguna segja að Bandura hafi ekki tekið

nægilegt tillit til þess að einstaklingar geti sjálfir haft áhrif á sinn eigin þroska og þær þroskabreytingar sem eiga sér stað með aldrinum (Berk, 2007).

Það sem skiptir hvað mestu máli um frammistöðu og þátttöku nemenda með hvers konar sérþarfir eru sveigjanlegir kennsluhættir og einstaklingsbundin nálgun (Snæfríður Þóra Egilsson, 2004).

Félagsráðgjöf

Félagsráðgjafar starfa eftir siðareglum íslenskra félagsráðgjafa, þar er þess getið í 10. gr. um störf þeirra að félagsráðgjöfum beri að nýta þá reynslu sem þeir hafi úr störfum sínum. Félagsráðgjafar skuli ávallt hafa heildarsýn að leiðarljósi í störfum sínum og notast við fræðilegar rannsóknir og kenningar til að styðja störf sín. Nauðsynlegt er fyrir félagsráðgjafa að fylgjast með þeirri þróun sem á sér stað innan fræðigreinarinnar hverju sinni til að viðhalda þeirri þekkingu sem hann býr yfir og mótar fagleg störf hans (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.).

Samkvæmt lögum nr. 41/1975 um félagsráðgjöf, hefur sá einn rétt til að kalla sig félagsráðgjafa sem hefur til þess leyfi frá heilbrigðisráðherra. Samkvæmt þeim breytingum sem urðu á lögnum árið 1990, sbr. lög nr. 95/1990 um félagsráðgjöf, má félagsráðgjafi kalla sig sérfræðing í sérgrein sinni innan félagsráðgjafar hafi hann fengið til þess leyfi frá heilbrigðisráðherra. Árið 1999 var reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf samþykkt af heilbrigðisráðuneyti og árið 2000 var sérfræðinefnd skipuð af ráðuneytinu til að fjalla um veitingu sérfræðileyfa (Skólafélagsráðgjöf, e.d.).

Í starfi sínu ber félagsráðgjafinn virðingu fyrir manningum, hver einstaklingur er sérstakur og á að geta nýtt hæfileika sína til fulls. Með félagsráðgjöf er unnið að lausn persónulegra og félagslegra vandamála í lífi einstaklinga sem og viðunandi forvörnum vegna hverskyns vandamála sem kunna að koma upp í því umhverfi sem félagsráðgjafi starfar (Landlæknisembættið, 2008). Í starfi félagsráðgjafa felst að skoða þá heildarmynd sem fjölskyldan, umhverfið og samfélagið sem einstaklingurinn lifir í er (Sigrún Júlíusdóttir, 2001; Lára Björnsdóttir, 2006).

Félagsráðgjafanám er þriggja ára BA-nám sem er alls 180 einingar. Námið er krefjandi þar sem nemendur læra um þær kenningar sem liggja að baki störfum félagsráðgjafa, þær starfsaðferðir sem félagsráðgjafar nota sem og aðferðafræði í félagsvísindum svo eitthvað sé nefnt. Einnig öðlast nemendur færni og þekkingu á hinum ýmsu félagslegu vandámum og þær afleiðingar sem þau geta haft í för með sér. Farið er í þau úrræði sem eru í boði í velferðarkerfinu og löggjöfinni. Nemendum eru kenndar hinar ýmsu vinnuaðferðir auk þess að fá góðan grunn í aðferðafræðinni

en hún er mikilvægur þáttur í náminu. Ekki er nægilegt að ljúka BA-prófinu til að fá löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf, það verður einnig að taka MA-nám til starfsréttinda til að öðlast full réttindi. Meistaránámið er tvö ár sem gefa 120 ECTS einingar. Námið fer mikið fram á vettvangi þar sem nemar fara í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands og leiðbeina þeim sérþjálfaðir starfsþjálfunarkennarar. Námskeiðin sem í boði eru snúast um ítarlega vinnu með börnum og unglingum, fjölskyldunni, meðferðir og hópavinnu. Sérstök áhersla er lögð á rannsóknir á sviði félagsráðgjafa. Að loknu meistaránáminu eru nemendur færir um að veita ráðgjöf og meðferðir fyrir einstaklinga, fjölskyldur, börn og hópa (Háskóli Íslands, e.d.).

Skólafélagsráðgjöf

Félagsráðgjöf á fræðslu- og skólasviði er eitt af sérsviðum félagsráðgjafar ásamt klínískri ráðgjöf á heilbriðissviði, félagsráðgjöf í félagsþjónustu og félagsráðgjöf í fangelsismála- og dómskerfi, sbr. reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf, nr. 555/1999.

Nemendur glíma við hin ýmsu vandamál en oft má rekja þau til heimilisins. Ef upp koma vandamál hjá nemanda er nauðsynlegt að hafa foreldrana með þegar lausnin er fundin svo að það sé hægt að bæta líðan nemandans. Félagsráðgjafinn skoðar umhverfið sem einstaklingurinn lifir í, fjölskylduna og samfélagið. Þegar þetta allt er skoðað í samhengi er oft hægt að finna hvar rötin að vandanum liggur og hvernig hægt sé að vinna með það (Jozefowicz-Simbeni, 2008). Málin sem koma inn á borð þeirra eru mjög mörg og misjöfn eins og til dæmis mál vegna eineltis, ofbeldis, erfiðrar hegðunar og vanlíðan svo eitthvað sé nefnt. Nauðsynlegt er fyrir skólafélagsráðgjafa að vera í góðri samvinnu við alla þá aðila sem að málum barnsins koma (Guðrún Helga Sederholm, 1999).

Ekki er vitað með vissu hversu margir félagsráðgjafar starfa í grunnskólum landsins en talið er að þeir séu um 20 talsins. Það er því mikið hagsmunamál fyrir félagsráðgjafastéttina og náms- og starfsráðgjöfina að þessum tveimur starfssviðum sé ekki blandað saman heldur séu þau aðgreind. Félagsráðgjafar eiga að vera ráðnir í skólana á þeim forsendum sem menntun þeirra gefur til kynna og hafa tækifæri til að móta faglegt starf sitt eftir þeirri þekkingu og reynslu sem þeir hafa aflað sér (Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, 2007).

Þegar saga skólafélagsráðgjafa er skoðuð er greinilegt að mikið hefur breyst frá því sem áður var. Starfið er alltaf að þróast, það þróast með stefnum og straumum í samfélaginu sem við lifum í (Huxtable & Blyth, 2002). Upphaf skólafélagsráðgjafa á Íslandi var í formi þess að Jónas B. Jónsson stofnaði Sálfræðideild Reykjavíkurborgar árið 1960 og var hann ráðinn forstöðumaður hennar. Til að byrja með var Jónas einn starfandi en fékk svo tvo aðra sálfræðinga í lið með sér því eftirspurnin var mikil og hann gat ekki annað þeirri eftirspurn einn

síns liðs. Tveimur árum eftir að Sálfræðideildin var stofnuð var Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi ráðin til starfa hjá deildinni og nokkrum árum seinna var nöfnu hennar, Guðrúnu Kristinsdóttur, bætt við starfsmannahópinn hjá deildinni. Það hlutverk sem Sálfræðideild Reykjavíkurborgar átti að gegna var að þjónusta grunnskóla Reykjavíkur ásamt því að taka að sér þau verkefni sem skólanum var ekki unnt að sinna, eins og til að mynda mál vegna slæmrar hegðunar hjá nemendum. Síðar var svo sálfræðiþjónusta lögfest með grunnskólalögum nr. 63/1974 og samkvæmt þeim átti sálfræðingur að vera í hverju skólaumdæmi fyrir sig til að sinna því starfi sem kennurum var ekki ætlað að gegna. Það var í verkahring sálfræðiþjónustunnar að veita sálfræðiþjónustu, félagsráðgjafarþjónustu og einnig vinna sem sérkennarar ef á þeim þurfti að halda. Það var því í hlutverki félagsráðgjafanna hjá stofnuninni að veita þá þjónustu er féll undir félagsráðgjafarþjónustuna. Því má segja að þær séu fyrstu félagsráðgjafarnir sem störfuðu við skólafélagsráðgjöf (Grétar L. Marinósson og Kristinn Björnsson, 1983).

Árið 1982 voru fyrstu félagsráðgjafarnir útskrifaðir frá Háskóla Íslands en aðrir félagsráðgjafar sem störfuðu hér á landi höfðu lært félagsráðgjöf erlendis. Ekki voru margir félagsráðgjafar starfandi og því reyndist það erfitt að manna þær stöður í grunnskólum landsins sem voru ætlaðar sálfræðideildinni (Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, 2007). Þann 2. júní 2004 var Félag íslenskra skólafélagsráðgjafa (FÍS) stofnað og um leið voru lög innan félagsins samþykkt. Félagið starfar sem sérstök fagdeild innan Félagsráðgjafafélags Íslands. Í 4. gr. laga FÍS segir: „Hyggst félagið ná markmiðum sínum með því að efla faglega umræðu skólafélagsráðgjafa og styrkja stöðu þeirra innan skólakerfisins. Félagið mun einnig beita sér fyrir fræðslufundum og málþingum og skapa þannig vettvang til skoðanaskipta um málefni nemenda og fjölskyldna þeirra. Félagið mun stuðla að umbótum á kjörum nemenda með því að vekja athygli skólayfirvalda, almennings og stjórnvalda á málefnum þeirra“. Síðar var svo nafninu breytt á aðalfundi íslenskra skólafélagsráðgjafa úr Félag íslenskra skólafélagsráðgjafa (FÍS) í Fagfélag fræðslu- og skólafélagsráðgjafa (FFS) (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.).

Starf skólafélagsráðgjafa

Samkvæmt niðurstöðum nefndar á vegum Mennta- og menningamálaráðuneytið um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum kemur fram að félagsráðgjafar eru önnur stærsta starfsstéttin sem vinnur að náms- og starfsráðgjöf innan grunnskólanna. Einnig kemur fram samkvæmt niðurstöðum þeirrar nefndar að félagsráðgjafar í íslenskum skólum hafi það hlutverk að standa vörð um velferð nemenda, leita lausna í málum þeirra og gæta þess að þeir búi við jafnrétti og réttlæti. Þeir sinna meðal annars almennri ráðgjöf varðandi skólareglur, námsframboð og mætingareglur. Einnig kynna félagsráðgjafar grunnskóla námsframboð í framhaldsskólum fyrir nemendur og veita þeim persónulega ráðgjöf, til dæmis í formi einstaklingsviðtala. Þeir greina vanda nemenda og leita úrlausna í samstarfi við sérfræðinga. Auk þess geta kennarar og skólastjórar leitað ráða hjá skólafélagsráðgjöfum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 1998).

Hvert það mál sem félagsráðgjafi tekst á við í störfum sínum þarf að skoða út frá félagslegum, tilfinningalegum, persónulegum, umhverfislegum og námslegum þáttum. Félagsráðgjafi er tengiliður skólans við marga aðila sem snerta nemandann, má þar á meðal nefna fjölskylduna, samfélagið og þær stofnanir sem koma að skólamáli. Félagsráðgjafinn hefur góða faglega þekkingu til að takast á við persónuleg vandamál nemenda við hlið annarra starfsstétta sem starfa að málefnum barna innan grunnskólans (Félagsráðgjafafélag Íslands e.d.).

Félagsráðgjafar sem starfa í skólum landsins hafa í mörg horn að líta. Þeir veita félagslega og persónulega ráðgjöf sem og stuðning. Stuðningurinn felst í að veita nemendum allan þann stuðning sem þeir þurfa á að halda til að geta stundað námið og átt í góðum félagslegum samskiptum. Félagsráðgjafinn upplýsir nemendur ef þeir óska eftir upplýsingum um rétt þeirra varðandi ýmis réttindamál sem viðkemur nemendum. Forvarnir eru stór hluti í starfi skólafélagsráðgjafans. Einelti er stærsta vandamálið sem unnið er með og því er nauðsynlegt að nemendur séu vel upplýstir um hversu alvarlegt vandamál einelti er. Félagsráðgjafinn reynir að koma í veg fyrir eineltismál og vinnur í samstarfi við kennara skólans að slíkum málum. Einnig er unnið með forvarnir er snerta líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi.

Félagsráðgjafinn veitir þeim sem þurfa á að halda fræðslu og stuðning í málum sem þessum. Fleiri en nemendur geta leitað til félagsráðgjafans því allt starfsfólks skólans getur fengið aðstoð hans í málum sem koma upp í nemendahópnum sem og fengið persónulega ráðgjöf er varðar persónuleg mál. Foreldrar leita gjarnan til skólafélagsráðgjafa vegna þess að þeir hafa áhyggjur af börnum sínum og vantar ráðgjöf og handleiðslu til að meðhöndla það vandamál sem hefur komið upp (Félagsráðgjafafélag Íslands e.d.).

Eitt þeirra hlutverka sem félagsráðgjafar sinna í starfi sínu innan grunnskólanna eru forvarnir en Crick og Dodge komu með félagssamskiptamódel (Model of Social Interaction) sýndi fram á að með því að efla félagshæfni hjá börnum þá er hægt að draga úr líkamlegri- og tengslaárásarhneigð. Þeirra skoðun er sú að aukin félagshæfni getur haft áhrif á ríkjandi viðhorf til ofbeldis. Það hefur gefist vel að vinna markvisst með samskipti og streitustjórnun sem forvarnarverkefni og reyna með því að draga úr andfélagslegri hegðun og hafa það að leiðarljósi að stuðla að góðri félagshæfni (Van Schoiack-Edstrom o.fl., 2002).

Nauðsynlegt er fyrir skólafélagsráðgjafa, rétt eins og aðra starfsmenn grunnskóla, að vera sveigjanlegir í starfi sínu. Starf þeirra getur breyst eftir því hvernig aðstæður hjá nemendum eru hverju sinni sem og aðstæður í samfélaginu sem geta haft áhrif á störf þeirra. Sjálfstyrkingarnámskeið og félagsfærniþjálfun er eitt af þeim hópverkefnum sem félagsráðgjafinn vinnur með börnunum til að auðvelda þeim skólagönguna og bæta líðan þeirra. Skólafélagsráðgjafinn er í samstarfi við alla þá sem að málefnum nemendanna koma eins og kennara, foreldra, barnaverndarnefndir, sálfræðinga og fleiri fagaðila. Þeir sem vinna í grunnskólum sitja í nemendaverndarráði ásamt öðrum fagaðilum sem starfa í skólanum (Félagsráðgjafafélag Íslands e.d.). Ákveði útskrifaður félagsráðgjafi að leggja fyrir sig starf skólafélagsráðgjafa er það hlutverk hans að stuðla að forvörnum og hagnýtum lausnum meðal nemenda. Helsta markmið skólafélagsráðgjafa er að finna út þær hindranir sem geta orðið á vegi nemandans á sinni skólagöngu sem geta komið í veg fyrir að nemandinn nái árangri í námi. Í starfi félagsráðgjafans felst einstaklingsvinna, hópavinna og samfélagsvinna sem miðar að því að auka námsgetu nemandans (Farley, Smith og Boyle, 2006).

Til að fá meiri dýpt í hvað felst í starfi skólafélagsráðgjafa tók höfundur viðtal við starfandi skólafélagsráðgjafa í Háteigsskóla, Sigríði Sigurðardóttur. Höfundur hitti hana á skrifstofu hennar í Háteigsskóla einn rólegan vormorgun þar sem við settumst niður og fórum yfir starfsvettvang hennar í skólanum. Hún var ráðin inn í stöðu náms- og starfsráðgjafa, í hennar tilfelli var það ákvörðun skólastjóra hvernig ráðið var í þessa stöðu. Í 13. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla er sagt að öll börn eigi rétt á viðeigandi sérfræðiaðstoð hverju sinni. Hennar reynsla er sú að vandamálin sem koma upp hjá börnunum, foreldrunum og starfsfólki skólans væru betur leyst ef félagsráðgjafi væri starfandi í skólanum, þar sem menntun hans nýtist betur við að aðstoða við vandamál sem koma upp. Að hennar sögn væru nægileg verkefni fyrir bæði náms- og starfsráðgjafa og skólafélagsráðgjafa og draumurinn væri að þessar tvær stéttir myndu vinna hlið við hlið í skólanum, náms- og starfsráðgjafinn sæi þá um þau mál er falla undir náms- og starfsráðgjöf og félagsráðgjafinn sæi um persónuleg vandamál sem koma upp. Í grein eftir Guðrúnu Elvu Arinbjarnardóttur sem birtist í Tímariti félagsráðgjafa 2011 tekur hún í sama streng og Sigrún, hún vill sjá það að þessar tvær stéttir vinni saman í skólanum til að hvor fagstéttin fái að njóta sín (Guðrún Elva Arinbjarnardóttir, 2011). Sigríður segir að einungis fari um 20% af vinnu hennar í mál er falla undir störf náms- og starfsráðgjafa. Í því felst að bjóða nýnema velkomna og sjá til þess að þeir aðlagist skólanum vel. Einnig aðstoðar hún elstu bekkni með starfsnám sem þau fara í til að kynna fyrir þeim hinar ýmsu starfsstéttir og aðstoðar þau börn sem eru í verkefni sem heitir Starf með námi. Í því verkefni felst að börn sem eiga erfitt í skólanum eiga þess kost að fara og starfa til að mynda inni á leikskóla einu sinni í viku og fá svo vinnu sína metna sem faggrein innan skólans. Mestur hluti hennar vinnu eða sem samsvarar 80% af starfshlutfalli hennar eru verkefni sem ættu að vera í höndum félagsráðgjafa að leysa. Stór hluti þess er að aðstoða börn sem hafa lent í einelti, þá er það í hennar verkahring að tala við gerendur, þolanda og foreldra þeirra sem málinu tengjast til að finna lausn á því vandamáli sem hefur komið upp. Foreldrar hringja út af vandamálum sem þeim finnst nauðsynlegt að skoða nánar og fá aðstoð við vegna barns þeirra og þá er það félagsráðgjafi sem aðstoðar bæði barnið og foreldrana að finna lausn á málinu. Guðrún talar einnig um náíð samstarf við heimili og skólann, foreldrar leita til skólafélagsráðgjafans með áhyggjur af börnum sínum og fá ráðgjöf hvað hægt sé að

gera í þeirri stöðu sem börnin þeirra geta verið í. Nemendur leita til hennar vegna ofbeldis heima fyrir og vegna þeirra aðstæðna sem erfitt er fyrir börn að búa við, hún ræðir við börnin og gerir þeim ljóst að þetta þurfi að skoða nánar og lætur börnin vita ef þetta eru mál sem þarf að tilkynna til barnaverndarnefndar. Mikið er um vinavandamál og þá sérstaklega hjá stelpum, þær lenda í því að missa vinkonur sínar til einhvers annars og þeim finnst þær vera einar og vita ekki hvernig þær eiga að taka á málinu, einhver úr bekknum hefur fallið frá eða kennari sem hefur starfað við skólann, þá er það í höndum félagsráðgjafans að aðstoða bæði börnin og starfsfólk skólans við að reyna að vinna úr sorgum sínum (Sigríður Sigurðardóttir skólafélagsráðgjafi í Háteigsskóla, munnleg heimild 27. mars 2012).

Í Áslandsskóla í Hafnarfirði starfar skólafélagsráðgjafinn Júlíana Jónsdóttir. Þau börn sem eru með sérþarfir hafa verið undir hennar umsjón síðustu ár en það eru börn sem eru með Down's heilkenni, Asperger og á einhverfurófinu. Hún hefur verið með börnin í viðtölum einu sinni til tvisvar í viku hvert og eitt, einnig hefur hún verið þeirra tengiliður ef eitthvað kemur upp á lífi þeirra. Nokkur barnanna hafa þurft á félagsfærnitímum að halda en þar er verið að aðstoða þau með samskipti við aðra og hvernig eigi að takast á við hið daglega líf. Hún situr alla fundi með Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, BUGL, samráðsfundi, nemendaverndarráðsfundi og allt það sem tengist þeim börnum í skólanum sem eru með sérþarfir ásamt deildarstjóra sérkennslu og umsjónarkennurum þeirra. Hjá henni hafa verið nemendur með hegðunarerfiðleika og er hún þá í samstarfi við BUGL þegar þess þarf (Júlíana Jónsdóttir skólafélagsráðgjafi í Áslandsskóla, munnleg heimild 12. apríl 2012).

Rannsókn á ofbeldi gegn konum, viðbrögð grunnskólastjóra 10 grunnskóla kom út árið 2010. Markmiðið með rannsókninni var að kanna hvernig skólar myndu bregðast við ef barn myndi þurfa aðstoð vegna þess að það varð vitni að kynbundnu ofbeldi á sínu heimili. Viðtöl voru tekin við skólastjóra 10 grunnskóla á landinu og könnun gerð á því hversu mikið þeir vita um málefni sem þetta og hvernig viðbrögð þeirra yrðu í slíkum aðstæðum. Aðstoða og þjónusta var skoðuð í þeim skólum sem tóku þátt ef mál af þessum toga kæmi upp. Niðurstöðurnar úr rannsókninni sýndu að aðeins þrjár skólastjórar af tíu vissu um dæmi þar sem ofbeldi gegn móður hafði

komið upp og þá einungis eitt mál í þessum þrem skólum. Skoðað var hvernig málið komst upp, í einu tilfellinu barst skólastjóranum tilkynning um málið af nemandanum sjálfum, í öðru var það nemandi sem leitaði til starfandi skólafélagsráðgjafa við skólann en í því þriðja kom það ekki fram hvernig málið hefði komist upp. Flestir skólar eru með nemendaverndarráð og halda reglulega fundi, töldu allir skólastjórnir að nemendaverndarráð gegndi mikilvægu hlutverki þegar upp koma vandamál hjá nemendum og þetta væri eitt þeirra vandamála sem yrði lagt fyrir það ráð. Þegar var farið að skoða hlutverk einstakra starfsmanna var afar óljóst hvaða hlutverkum þeir gegna þegar kemur að viðkvæmum málum innan skólans. Þeir kölluðu þá eftir sérþekkingu félagsráðgjafa sem kemur að persónulegum og viðkvæmum málum nemenda. Einungis var einn skóli af þessum tíu sem tóku þátt með starfandi félagsráðgjafa, starf hans er mjög skýrt þegar upp koma mál sem þetta. Flestir skólastjórnir töluðu um að það væri engin regla á því hvert nemendur gætu leitað ef að vandamál tengt ofbeldi kæmi upp. Þá má geta þess að í skólanum þar sem félagsráðgjafinn er starfandi er nemendum gert ljóst hvert hægt er að leita ef persónuleg vandamál koma upp. Félagsráðgjafinn kynnir starfið sitt fyrir nemendum skólans í upphafi hvers skólaárs. Einn af nemendum sem sagði frá ofbeldi á heimilinu nýtti sér þjónustu félagsráðgjafans og leitaði til hans með vandamál sín. Þessi tiltekni skóli er einnig eini skólinn sem heldur utan um reglulegar upplýsingar um líðan nemenda. Náms- og starfsráðgjafar og hjúkrunarfræðingur í hinum skólunum sem tóku þátt, tóku við máli sem þessu ef þau komu upp (Guðrún Helga Sederholm, 2009).

Allir skólastjórnir töldu nauðsynlegt að auka fræðslu um ofbeldi til að hægt sé að þekkja einkennin og greina vandann. Eina fræðslan um þetta málefni er á vegum Blátt áfram sem höfðu heimsótt flest alla skóla og kynnt starfsemi sína. Nokkrum skólastjórum fannst nauðsynlegt að efla þjónustu við nemendur. Það væri gert með því að fá rétta fagaðila til starfa í skólanum til að sinna hlutverki ráðgjafa nemenda. Einn skólastjórnanna talaði um tengsl félagsráðgjafa við barnaverndaryfirvöld og annar talaði um að mikilvægt væri að fá félagsráðgjafa og þroskaþjálfara til starfa í alla skóla á landinu (Guðrún Helga Sederholm, 2009).

Störf náms- og starfsráðgjafa innan grunnskólans

Náms- og starfsráðgjöf er núna tveggja ára MA-nám sem tekið er að loknu BA-námi. Inntökuskilyrði eru að viðkomandi hafi lokið BA-, B.Ed-, BS-prófi eða sambærilegri gráðu með fyrstu einkunn sem er 7,25. Umsækjendur sem ekki hafa lokið námi sínu af mennta- og félagsvísindasviði eða hafa ekki lokið 10 ECTS einingum í megindlegri aðferðafræði gætu þurft að taka allt upp í þrjú námskeið í eigindlegum aðferðum. Þó aldrei meira en sem nemur 30 ECTS einingum. Náms- og starfsráðgjöf er fjölbreytt nám sem snýr að tengslum einstaklingsins við náms- og starfsumhverfið. Nemendur læra um þann vanda sem getur haft áhrif á námið hjá nemendum og hvaða lausnir er hægt að koma með til að leysa þann vanda. Hvort sem hann er af persónulegum ástæðum eða tengist félagsvandamáli. Nemendur fara í starfsþjálfun þar sem þeir fá frekari sýn á starfið sem náms- og starfsráðgjafar sinna (Háskóli Íslands, e.d.).

Samkvæmt starfslýsingu Félags náms- og starfsráðgjafa eru helstu verkefni sem falla undir þeirra vinnu í skólum að: veita nemendum ráðgjöf sem varðar námið þeirra, hjálpa þeim að velja það nám sem hentar þeim best hverju sinni, kenna þá námstækni sem hentar fyrir hvern og einn og læra að skipuleggja þann tíma sem fer í námið. Þeir sem hafa áhuga á að fara í gegnum áhugagreiningu fá aðstoð frá náms- og starfsráðgjafa með þá greiningu. Veita þarf nemendum upplýsingar um náms- og starfsval sem er í boði hverju sinni. Náms- og starfsráðgjafar hafa umsjón með starfsfræðslu í samráði við kennara, starfsfulltrúa og fulltrúa atvinnulífsins. Þeir búa nemendur undir áframhaldandi nám og kynna fyrir þeim hvaða nám er í boði á hverjum stað fyrir sig. Einnig veita náms- og starfsráðgjafar persónulega ráðgjöf vegna tímabundinna erfiðleika eða áfalla sem sá sem leitar til þeirra hefur orðið fyrir. Náms- og starfsráðgjafar veita leiðsögn og ráðgjöf í streitu- og kvíðastjórnun og eru í samstarfi við sérfræðinga sem aðstoða þá við þau mál sem kunna að koma upp. Þeir aðstoða einnig þá nemendur sem eru með sérþarfir í samstarfi við annað fagfólk (Félag náms- og starfsráðgjafa, e.d.). Samkvæmt lögum nr. 35/2009 um náms- og starfsráðgjöf bera þeir ábyrgð á þeirri ráðgjöf sem þeir veita.

Það er ekki að ástæðulausu að nemendur eigi rétt á því að hafa aðgengi að náms- og starfsráðgjafa í skólum. Gott aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum er einn

af fáum þáttum í innra starfi skóla sem getur dregið úr brottfalli nemenda. Nemendur leita til þeirra bæði með vandamál tengd náminu og persónuleg vandamál sem hafa komið upp. Sýnt hefur verið fram á með erlendum rannsóknum að varðandi þá nemendur sem eru í brottfallshættu getur það skipt sköpum að fá ráðgjöf og leiðsögn bæði varðandi námsvanda og persónuleg vandamál. Starfsnám sem náms- og starfsráðgjafi skipuleggur fyrir elsta bekk grunnskólans getur haft mikið að segja um framtíðina sem börnin velja sér og getur haft áhrif á áframhaldandi nám hjá börnunum (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2010).

Menntasvið Reykjavíkurborgar gaf út skýrslu árið 2006 um greiningu á störfum náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur. Markmiðið með skýrslunni var að afla upplýsinga um verkefnin sem náms- og starfsráðgjafar væru að vinna. Góð þátttaka náðist eða um 97% svarhlutfall fékkst, 28 náms- og starfsráðgjafar tóku þátt og voru þeir allir starfandi í grunnskólum í Reykjavík. Af þessum sem tóku þátt voru 25 með menntun náms- og starfsráðgjafa en hinir þrír voru með aðra menntun af félagsvísindasviði. Þegar niðurstöðurnar voru skoðaðar sást að eftir því sem nemendurnir verða eldri þá aukast líkurnar á að þeir leiti til náms- og starfsráðgjafa og mest voru það namar í 10. bekk sem leituðu sér aðstoðar. Meginástæðan var persónuleg vandamál hjá nemendum svo sem út af kvíða og þunglyndi, þar næst vegna samskiptavanda og þar á eftir til að fá leiðbeiningar í tengslum við námið (Sigurbjörg J. Helgadóttir, 2006).

Bersýnilega kom fram að persónuleg ráðgjöf er stór hluti af vinnu náms- og starfsráðgjafa. Meira en helmingur þátttakenda sögðu að þeir hefðu ekki fengið nægilega mikla fræðslu og undirbúning vegna slíkra mála í menntun sinni. Flest allir sem tóku þátt töldu nauðsynlegt að leggja mun meiri áherslu á persónulega ráðgjöf í náminu og það kom sérstaklega fram að mikilvægt væri að kunna að taka á persónulegri ráðgjöf hjá yngri nemendum. Einnig kom fram að þeim fannst mjög svo erfitt að vinna með fólki af erlendu bergi brotnu því ekki höfðu þau fengið tilsetta þjálfun í þeim efnum. Náms- og starfsráðgjafarnir voru sammála um að mun meiri tími fór í persónuleg vandamál hjá nemendum heldur en þeir hefðu kosið. Þetta getur leitt til þess að færni, kunnátta og þekking náms- og starfsráðgjafa sé ekki nýtt á þeim sviðum sem hún á að gera (Sigurbjörg J. Helgadóttir, 2006).

Samanburður á starfslýsingum félags- og náms- og starfsráðgjafa

Á Íslandi er því þannig háttað að starfssviði félagsráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa er yfirleitt blandað saman í grunnskólum landsins. Félagsráðgjafar sinna félagsráðgjöf auk þess að sinna náms- og starfsráðgjöf og sama má segja um þann sem sinnir náms- og starfsráðgjöf, hann sinnir sínu starfi og veitir félagslega ráðgjöf. Fagdeild félagsráðgjafa á fræðslu- og skólasviði hefur bent á að í reglugerð um sérfræðipjónustu skóla eru félagsráðgjafar ekki nefndir sem fagaðilar innan skólanna. Þó er markmið reglugerðarinnar mjög í anda félagsráðgjafahugsjónar. (Félagsráðgjafafélag Íslands e.d.).

Starfslýsing frá Félagi náms- og starfsráðgjafa segir um verksvið þeirra í grunnskólum að þeim beri skylda til að aðstoða og leiðbeina nemendum með námið sitt. Hvort sem það er að aðstoða þá við finna út í hvaða nám þeir vilja fara eða hjálpa þeim til að verða betri námsmenn er meginþráðurinn sá að starf þeirra snýst um námið hjá nemandanum (Félag náms- og starfsráðgjafa, e.d.). Hins vegar þegar skoðuð er starfslýsing hjá skólafélagsráðgjafa er hans meginvinna að aðstoða þá nemendur sem eiga við persónuleg vandamál að stríða og reynt er að finna lausn á því vandamáli sem hver og einn glímir við (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Meginmunurinn á störfum þessara tveggja fagstétta er því helst falinn í að náms- og starfsráðgjafar vinna mikið með námið hjá nemendum en skólafélagsráðgjafinn vinnur með persónuleg vandamál þeirra.

Þverfagleg teymisvinna í samstarfi heimilis og skóla

Teymisvinna ólíkra fagaðila er mikilvæg innan grunnskólanna. Félagsráðgjafar hafa faglega menntun til að takast á við málefni barna þar sem þörf er á ráðgjöf og stuðningi við bæði fjölskyldu, barn og skólasamfélagið. Í þverfaglegum teyimum sem vinna einstaklingsbundið að málefnum barna með sérþarfir geta setið ásamt félagsráðgjafa kennarar og foreldrar barnsins ásamt þeim sérfræðingum sem koma að málefnum barnsins. Þverfagleg teymi hittast reglulega og bera sameiginlega ábyrgð á því að ná árangri með nemandann, gott foreldrasamstarf er ávísun á góðan árangur (Loyd, G. og Munn, P., 1999).

Foreldrar spila stórt hlutverk í lífi barna sinna. Það er í þeirra höndum að sýna börnum þá ást og umhyggju sem þau þurfa á að halda, kenna þeim muninn á réttu og röngu og kenna þeim þá samskiptahæfni sem tíðkast í hverju landi fyrir sig. Nú á tímum eru það ekki einungis foreldrarnir sem taka þátt í uppeldi á barninu heldur koma fleiri að með óbeinum hætti svo sem skólarnir, félagarnir og jafnvel sjónvarpið. Með tímanum gæti það farið svo að þessir þættir hafa jafnvel meiri áhrif á uppeldið en foreldrarnir sjálfir (Newman og Grauerhol, 2002). Aðstæður fjölskyldna eru mjög misjafnar og því verður skólinn að geta komið til móts við þarfir þeirra foreldra sem þurfa meiri stuðning. Það sem helst skilur á milli þeirra nemenda sem vegnar vel og þeirra sem vegnar síður er hvernig atlati þau fá heima fyrir. Nemandi sem á foreldra sem eru góðar fyrirmyndir, hafa áhuga, gera væntingar og hafa skýrar reglur er líklegur til að sýna góðan árangur (Nanna Kristín Christiansen, 2010). Þegar einstaklingar eiga í erfiðleikum, líkamlegum, andlegum eða vegna veikinda er mikilvægt að þverfagleg teymisvinna eigi sér stað þannig að samhæfð vinnubrögð og gott upplýsingaflæði sé á milli allra þeirra aðila sem koma að málefnum barnsins.

Teymi hvers einstaklings samanstendur af þeim aðilum sem koma að þjónustu hans ásamt aðstandendum. Í einu teymi geta því verið nokkuð margir aðilar eins og til dæmis foreldrar, félagsráðgjafi, þroskaþjálfari, sjúkraþjálfari, iðjuþjálfari, kennari og læknir svo eitthvað sé nefnt. Þegar þverfaglegt teymi er fyrir hendi vegna einstaklings eru fundir haldnir reglulega og staða þeirra mála sem þarf að vinna með skoðuð. Farið er yfir þau langtímamarkmið sem sett voru í upphafi um kennslu,

meðferð og umönnun barnsins og metið hvernig gengið hafi að ná þeim skammtíamarkmiðum sem sett voru og leiða að því að langtíamarkmiði sé náð. Hafi markmið náðst er skoðað hvernig það gekk og nýtt sett í staðinn. Ef ekki gekk vel er skoðað hvers vegna það gekk ekki og hvernig megi gera betur til að markmiðið náist. Önnur mál sem farið er yfir á teymisfundum eru tengd því hvernig staða barnsins er. Allt fer þetta eftir hverju barni og hver þörf þess er hverju sinni. Alltaf er hægt að bæta fólki í teymið eftir aðstæðum hverju sinni, en kjarni teymis er alltaf sá sami eða samanstendur af þeim einstaklingum sem koma mest að málefnum þess barns sem fundirnir snúast um. Teymisfundir eru gott aðhald í allri þjónustu við einstaklinginn. Allir sem að honum koma í daglegu lífi hittast, ræða málin og meta stöðuna. Sterk teymi eru fagleg og meðlimir þess miðla vel af reynslu sinni og fagþekkingu til annarra meðlima teymisins sem gerir það að verkum að þekkingin á þörfum einstaklingsins verður sérhæfðari og hann nýtur betri og upplýstari þjónustu frá þeim sem koma að hans málum. Teymi og teymisvinna er gífurlegur léttir fyrir marga aðstandendur. Þá þurfa þeir ekki að hlaupa á milli fagaðila til þess að upplýsa um allar nýjar ákvarðanir sem eru teknar í lífi þess sem málið snýst um. Hver meðlimur teymisins er þess í stað ábyrgur fyrir því að nýjar ákvarðanir sem hafa verið teknar vegna einstaklingsins komist til skila á rétta staði þar sem hver meðlimur teymisins er fulltrúi þeirrar þjónustu eða úræðis sem viðkemur starfi hans, vegna þess einstaklings sem málið snýst um (Armstrong, 2005).

Þegar flókin mál vegna barna koma upp innan grunnskóla fá þau meðferð hjá nemendaverndarráði. Samkvæmt lögum nr. 91/2008 um grunnskóla skal nemendaverndarráð vera í öllum grunnskólum landsins og er það í höndum skólastjórans að setja slíkt ráð á laggirnar í sínum skóla og skipa fulltrúa í það. Skólastjórinn skal vera í ráðinu og ásamt honum skulu einnig vera þeir fulltrúar sem koma að vinnu með nemendum með sérþarfir, skólahjúkrunarfræðingur, náms- og starfsráðgjafi og einnig fulltrúi sérfræðiþjónustu sveitafélaganna. Það er í höndum skólastjórans að taka ábyrgð og stýra því starfi sem fer fram í nemendaverndarráðinu. Það er í höndum ráðsins að skipuleggja og framkvæma þá þjónustu sem nemendur þurfa á að halda er kemur að heilsugæslunni, náms- og starfsráðgjöf og einnig sérfræðiþjónustu sem á þarf að halda. Nemendaverndarráðið

veitir nemendum sem þurfa á ráðgjöf að halda aðstoð sem þeir þurfa út af vandamálum sem þeir glíma við. Nauðsynlegt getur verið fyrir einhvern í ráðinu að fylgja málinu eftir þegar niðurstaða er komin um hvaða úrræði er í boði. Mikilvægt er að finna lausn sem fyrst og skoða sérhvert mál út af fyrir sig.

Þegar öflug teymi vinna með einstaklinga með sérþarfir, hvers eðlis sem þær kunna að vera, er öflugt upplýsingaflæði á milli allra aðila sem tengjast barninu forsenda þess að vel takist til á skólagöngu barnsins. Stjórnandi þeirrar stofnunar sem fer með mál grunnskólabarns þarf að vera vakandi yfir tækifærum til að efla starfsmenn sína í starfi, veita hvatningu, umbun og tækifæri til að eflast á sínu sviði. Vegna vaxandi kröfu í nútímaþjóðfélagi þá eykst þörfin á endurmenntun og sérþekkingu í svo ótal mörgum störfum. Það er því mikilvægt fyrir stjórnendur að hafa vakandi auga fyrir þeim mannauði sem stofnun þarfnast til þess að ná sem bestum árangri í þeirri vinnu sem snýr að stofnuninni (Armstrong, 2005).

Það eru sjálfsögð lífsgæði allra að fá viðeigandi þjónustu hverju sinni, í hvaða formi sem hún þarf að vera. Hver fjölskylda sem einstaklingur tilheyrir nýtur mun betri lífsgæða í sínu lífi ef sú þjónusta sem fjölskyldan þarfnast er heilsteyppt og vel samsett. Til þess að heildarmynd skapist í þjónustu þarf fagfólk ólíkra stétta að ná að vinna saman og í samvinnu við foreldrana. Þegar unnið er með einstaklingum með hvers konar sérþarfir er alltaf unnið með fjölskyldum þeirra líka, því má aldrei gleyma í þeirri vinnu sem unnin er.

Staða fjölskyldunnar í íslensku samfélagi hefur breyst, aukið atvinnuleysi, lengri vinnudagar foreldra og meiri lífsgæðatengdur hraði í samfélaginu hefur breytt stöðu skólans. Samfara auknu vinnuálagi foreldra hafa tengsl barna við stórfjölskylduna rofnað en áður fyrr var hún veigamikill þáttur í uppeldi barnanna. Með tímanum hafa því kröfur til grunnskólanna breyst, viðverutími grunnskólabarna er orðinn lengri og krafa er um að námið fari að mestu leyti fram í skólanum. Þrátt fyrir að grunnskólinn sé orðinn veigamikill þáttur í lífi barna hefur honum aldrei verið ætlað og getur ekki komið í stað fjölskyldunnar (Nanna Kristín Christiansen, 2010).

Mikilvægt er að góð samstaða og traust skapist á milli foreldra og skólans og er gagnkvæm virðing lykillinn að góðu samstarfi. Börnum gengur að jafnaði betur ef

Þau eru meðvituð um að foreldrar þeirra séu í sambandi við skólann þeirra og þau finna að það er aðhald í kringum þau. Þetta hefur einnig þau áhrif að barn á auðveldara með að ná markmiðum sínum í skólanum (Brooks, 2006). Þrátt fyrir góðan vilja getur mörgum foreldrum reynst erfitt að taka þátt í námi og skólastarfi barna sinna úr fjarlægð. Forsenda þess að foreldrar taki virkan þátt í grunnskólagöngu barna sinna er að þeir eigi hlutdeild í lífi þeirra í skólanum. Með því er átt við að foreldrar grunnskólabarna beri ábyrgð og hafi einhverjum skyldum að gegna í námi og skólagöngu barns síns. Til þess að unnt verði að skapa foreldrum þetta aðgengi að námi og skólagöngu barna sinna þarf að rjúfa þann ósýnilega múr sem umlykur daglegt starf skólans (Nanna Kristín Christiansen, 2010).

Í starfi félagsráðgjafans felst að skoða þá heildarmynd sem fjölskyldan, umhverfið og samfélagið sem einstaklingurinn lifir í er (Sigrún Júlíusdóttir, 2001; Lára Björnsdóttir, 2006). Það samfélag sem grunnskólabarn lifir í er samspil þess lífs sem það á heima í, í grunnskólanum og meðal vina. Í starfi sínu ber félagsráðgjafinn virðingu fyrir manningum, hver einstaklingur er sérstakur og á að geta nýtt hæfileika sína til fulls. Þessi hugmyndafræði félagsráðgjafans samræmist vel hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar þar sem öllum börnum er veittur jafn réttur til náms við sitt hæfi. Nemendur grunnskóla glíma við hin ýmsu vandamál, mörg þeirra má rekja til heimilisins. Ef upp koma vandamál hjá nemanda er nauðsynlegt að vera í góðu samstarfi við foreldrana þegar lausnin er fundin svo unnt sé að bæta líðan nemandans. Samstarf heimilis og skóla er lykilatriði þegar samstarf á að nást í vinnu með grunnskólabarni. Félagráðgjafinn skoðar umhverfið sem einstaklingurinn lifir í, fjölskylduna og samfélagið. Þegar þetta allt er skoðað í samhengi er oft hægt að finna hvar rótin að vandanum liggur og hvernig hægt sé að vinna með það. Félagráðgjafi ætti að starfa sem fastur hlekkur þess teymis sem starfar innan veggja grunnskólans vegna þeirra barna sem þurfa á því að halda. Hann getur lagt þungt lóð á vogaskálarnar þegar fagleg þekking hans á úrlausnum persónulegra vandamála tengist annarri faglegri þekkingu þeirra sérfræðinga sem starfa að málefnum barna innan grunnskólanna (Jozefowicz-Simbeni, 2008).

Samstaða og samvinna ólíkra fagstétta þar sem hver meðlimur teymisins hefur ákveðnu hlutverki að gegna vegna þeirrar þjónustu sem einstaklingur þarfnast

veitir möguleika á faglega farsælli lausn sem grunnskólabarn getur búið að alla ævi (Armstrong, 2005). Fram kemur í álitsgjöf skólafélagsráðgjafa varðandi endurskoðun grunn- og framhaldsskólalaga sem birtist 7. júní 2006 að framtíðarsýn í málefnum grunnskólans sé að auka áherslu á samvinnu foreldra og skóla. Þar er litið svo á að sá þáttur geti flokkast sem fyrirbyggjandi heilsuvernd. Þar kemur einnig fram að félagsráðgjafar hafi sitt sérsvið og hlið við hlið myndi fagstéttir skólanna góða liðsheild. Mikilvægt sé að nemandi hafi greiðan aðgang að skólafélagsráðgjafa sem vinni út frá heildarsýn á aðstæður nemandans (Guðrún Helga Sederholm, 2006).

Niðurstöður

Þegar farið var af stað með ritgerðarspurninguna var ég svo til alveg viss um að félagsráðgjafar ættu heima í grunnskólum landsins. Eftir að hafa aflað mér heimilda og upplýsinga er niðurstaða mín sú að félagsráðgjafar eigi heima í grunnskólum. Hröð þróun hefur verið á skólafélagsráðgjöf á Íslandi frá því hún hófst árið 1960. Skólafélagsráðgjafar eru mjög fámennur hópur en einungis starfa um 20 félagsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi. Út frá umfjöllun ritgerðarinnar má ætla að þau verkefni sem félagsráðgjafar sinna í starfi sínu snerti flest svið skólasamfélagsins og séu nauðsynleg viðbót þegar kemur að því að veita ráðgjöf, stuðning og fræðslu, hvort sem er til nemenda, foreldra, kennara eða skólastjórnenda. Menntun félagsráðgjafa er þess eðlis að þeir eru sérfræðingar í persónulegri ráðgjöf og því er eðlilegt að það sé í þeirra verkahring að sinna þeim persónulegu málum nemenda er koma upp í grunnskólanum ásamt öðru starfsfólki grunnskólans. Þegar starfslýsingar hjá félags- og náms- og starfsráðgjöfum er skoðað eru starfs sviðin lík að því leiti að verið er að aðstoða nemendur í báðum störfunum. Hvað innihald starfsins varðar er um tvö ólík störf að ræða. Náms- og starfsráðgjafar leiðbeina nemendum með námið sitt á meðan skólafélagsráðgjafar aðstoða nemendur með persónuleg vandamál sín. Samkvæmt kennsluskránni hjá félagsráðgjöfum annars vegar og náms- og starfsráðgjöfum hins vegar er mikill munur á námi þeirra. Áherslurnar í náminu hjá þessum tveimur fagstéttum eru ólíkar, hjá félagsráðgjöfum er áherslan lögð á að finna lausnir er varða persónuleg vandamál hjá fólki. Í námi náms- og starfsráðgjafa er áherslan lögð á að aðstoða fólk við að finna hvað það langar til að gera við nám sitt. Þessar námsleiðir eru mjög svo ólíkar og ætti því í raun að vera staða fyrir báða aðila í skólanum svo þessi tvö svið gætu unnið hlið við hlið að velferð nemendanna.

Nauðsynlegt er að góð samvinna náist á milli heimilis og skóla, því með henni er hægt að greina vandamál sem eru byrjuð að myndast og hugsanlega greiða úr því áður en það verður að stóru vandamáli sem erfitt er að eiga við. Þeir félagsráðgjafar sem starfa í grunnskólanum þurfa að vera í góðu samstarfi við foreldra þeirra barna sem stunda nám við skólann. Ef börn eru með sérþarfir er samvinnan á milli heimilis

og skóla enn mikilvægari því þá þarf að vinna nána teymisvinnu vegna þeirra þarfa sem barnið hefur.

Umræður

Eftir að hafa skrifað ritgerðina og aflað mér heimilda sem tengjast efninu kemur það mér mjög á óvart að félagsráðgjafa er ekki getið í grunnskólalögunum. Að mínu mati ættu félagsráðgjafar að sinna persónulegri ráðgjöf í skólanum og náms- og starfsráðgjafar að sjá um að aðstoða nemendur með val sitt á náminu og allt sem við kemur námi nemenda. Ég held að með þessar tvær starfsstéttir starfandi saman yrði þjónustan við nemendur betri og nemendurnir myndu vita hvert þeir ættu að leita með persónulegu vandamál sín. Það eru 174 grunnskólar á landinu og einungis um 20 starfandi skólafélagsráðgjafar í jafnmörgum skólum. Það sem kom mér mest á óvart var að skólafélagsráðgjafar eru ekki ráðnir inn sem skólafélagsráðgjafar heldur til að sinna starfi náms- og starfsráðgjafa. Þetta er mál sem þarf að skoða mun betur og jafnvel hægt að gera eigindlega rannsókn með viðtölum við bæði skólafélagsráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa um hvers eðlis málin sem þeir eru að taka að sér eru.

Mjög erfitt var að finna heimildir um skólafélagsráðgjöf á Íslandi og lítið sem ekkert er af heimildum sem segja til um hvers konar mál skólafélagsráðgjafar eru að vinna með hér á landi. Það kom hvergi fram í ársskýrslum skólanna sem hafa starfandi félagsráðgjafa um hvernig mál hann væri að vinna með né hvernig hann kemur að málum barnanna á einn eða annan hátt. Þetta mætti skoða betur og gera greinargóða skýrslu um það sem félagsráðgjafinn er að gera í grunnskólanum til að sýna fram á hversu nauðsynlegt starf hans er á þessu sviði.

Lokaorð

Félagsráðgjafar eru mjög vel í stakk búnir til að sinna starfi skólafélagsráðgjafa, því málin sem upp koma í grunnskólanum eru oft mjög persónuleg vandamál sem nemendur glíma við. Mætti því segja að félagsráðgjafar séu ekki síður til þess fallnir að takast á við þann vanda sem börnin búa við en náms- og starfsráðgjafar, með tilliti til menntunar þeirra.

Skólasamfélagið hefur breyst mikið á undanförunum árum, áður fyrr áttu börn sem glímdu við einhver vandamál svo sem langveik börn, börn með hegðun vandamál eða börn með fatlanir ekki greiðan aðgang í grunnskólann. Starfsfólkið var ekki í stakk búið til þess að takast á við þann vanda sem upp kundi að koma. Þetta hefur breyst mikið og í dag eru skólarnir skilgreindir skólar án aðgreiningar, þar hafa öll börn jafnan aðgang að námi hvert sem líkamlegt eða andlegt atgervi þeirra er. Nauðsynlegt er að hafa góða samvinnu á milli heimilis og skóla þegar börn eiga í hlut, hvert sem líkamlegt eða andlegt atgervi þeirra er. Hægt er að koma í veg fyrir vandamál sem geta orðið óyfirstíganleg ef unnið er faglega að lausnum þeirra.

Heimildaskrá

- Amstrong, Michael. (2005) *A Handbook of Human Resource Management Practice*. Kogan Page Limited 120 Pentoville Road London N1 9JN, UK.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Bee, H. og Boyd, D. (2004). *The Developing Child* (10. útgáfa). Boston: Person Education.
- Berk, L. E. (2007). *Development Through the Lifespan* (4. Útgáfa). Boston: Pearson Education.
- Bruner, J. (1996). *The Culture of Education*. Cambridge: Harvard University Press.
- Danforth, S. og Smith, T. J. (2005). Considering Inclusive Education . Í Danforth, S. og Smith, T.J. (ritstj.), *Engaging Troubling students. Constructivist Approach* (bls. 239—266). Thousand Oaks: Corwin Press.
- Dóra S. Bjarnason og Grétar Marinósson. (2007). Kenningaleg sýn. Í Grétar Marinósson (ritstjóri), *Tálmar og tækifæri, menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi* (bls. 47-58). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Dupper, R., D. (2003). *School Social Work-Skills and Interventions for Effective Practice*.
- Gough, D. (1999). Social Learning and Behavioral Approaches to Work with Children and Families. Í M. Hill (ritstjóri), *Effective Ways of Working whit Children and their Families* (106-127). London: Jessica Kingsley Publishers.
- Gilligan, R. (1998). The importance of schools and teachers in child welfare. *Child and Family Social Work*, 3, 13-25.
<http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1046/j.1365-2206.1998.00068.x/pdf>
- Grétar Marinósson og Kristinn Björnsson. (1983). Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta skóla. *Athöfn og orð. Afmælisrit helgað Matthíasi Jónssyni áttæðum*. (Ritstjóri Sigurjón Björnsson). Bls. 65-95. Reykjavík, Mál og menning.
- Guðrún Elva Arinbjarnardóttir. (2007). Saga og þróun skólafélagsráðgjafar. Sótt 01. nóvember 2011 af <http://skolafelagsradgjof.wordpress.com/category/saga-og-%C3%BEroun-skolafelagsra%C3%B0gjafar/>.
- Guðrún Elva Arinbjarnardóttir. (2011). *Skólafélagsráðgjöf*. Tímarit félagsráðgjafa. Sótt þann 20. apríl 2012 af http://www.felagsradgjof.is/images/stories/timarit/Timarit_Felagsradgjafa_VEF.pdf
- Guðrún Helga Sederholm. (1999). *Ráðgjöf í skólum: handbók í félagsráðgjöf og námsráðgjöf*. Reykjavík: Háskólaútgáfa.

- Guðrún Helga Sederholm. (2006). *Álitsgjöf skólafélagsráðgjafa varðandi endurskoðun grunn – og framhaldsskólalaga. 7. júní 2006*. Sótt þann 28. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/leit?q=%C3%81litsgj%C3%B6f+sk%C3%B3laf%C3%A9lagsr%C3%A1%C3%B0gjafa>
- Guðrún Helga Sederholm. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Félags- og tryggingamálaráðuneytið*, Háskóli Íslands og Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Farley, O.W., Smith, L.O. og Boyle, S.W. (2006). *Introduction to social work* (10. útgáfa). Bandaríkin: Allyn og Bacon.
- Félag náms- og starfsráðgjafa. (e.d.). *Starfslýsingar*. Sótt þann 01. apríl 2012 af http://fns.is/efni/starfslýsingar_0
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Greinar á fræðslu- og skólasviði*. Sótt þann 01. apríl 2012 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=102&Itemid=106>
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). Siðareglur íslenskra félagsráðgjafa. Sótt 08. október 2011 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2010). *Occupational Thinking and Its Relation to School Dropout*. Journal of Career Development. Sótt 25. apríl af <http://jcd.sagepub.com/content/early/2010/03/05/0894845309357052.full.pdf+html>
- Háskóli Íslands. (e.d.). Sótt 17. mars 2012 af http://www.hi.is/sites/default/files/skjol/felagsvisindasvid_deildir/felagsradgjafaradeild/vefutgafa_grunnam.pdf
- Háskóli Íslands. (e.d.). Sótt 17. mars 2012 af https://www.hi.is/felags_og_mannvisindadeild/nams_og_starfsradgjof
- Hafdís Guðjónsdóttir. (2008). Grunnskólaganga – einstaklingsmiðað nám. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjórar), Þroskahömlun barna (bls. 160-168). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Huxtable, M., og Blyth, E. (Ritstj.). (2002). *Social work worldwide*. Washington, DC: National Association of Social Workers.
- Jozefowicz-Simbeni, D. M. H. (2008). An Ecological and Developmental Perspective on Dropout Risk Factors in Early Adolescence: Role of School Social Workers in Dropout Prevention Efforts. *Children & Schools*, 30(1), 49.

- Kauffman, J.M. og Landrum, T.J. (2009). *Characteristics of emotional and behavioral disorders of children and youth* (9. útgáfa). Upper Saddle River, NJ: Merrill/Prentice Hall.
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-77). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Loyd,G og Munn,P. (1999). Educational Services for Children With Emotional or Behavioral Difficulties. Í Hill, M. (Ritstj.) *Effective Ways of Working with children and there Families*, bls. 163 -178. London og Philadelphia. Jessica Kingsley Publishers.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992.
- Lög um náms- og starfsráðgjöf nr. 35/2009.
- Menntamálaráðuneyti. (2011). Aðalnámsskrá grunnskóla-almennur hluti (2006). Sótt 10. apríl 2012 af; <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar//nr/3953>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). Stofnanir. Sótt 28. febrúar 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir/>.
- Miller-Perrin, C.L. og Perrin, R. D. (2007). *Child Maltreatment* (2. útgáfa). London: Sage Publications Ltd.
- Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar, ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík. Nanna Kristín Christiansen.
- Newman, M. David og Grauerholz, Liz (2002). *Sociology of Families. Thousand Oaks: Sage*.
- Nieto, S. (2010). *The Light in Their Eyes*. New York: Teachers College Press.
- Rannveig Traustadóttir. (2003). Fötlunarfræði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 17-51). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Reglugerð um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 389/1996.
- Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.
- Reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf nr. 555/1999.
- Rúnar Sigbórsson (ritstjóri), Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. (1999). *Aukin gæði náms –*

Skólaþróun í þágu nemenda. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Sapon-Shevin, M. (2007). *Widening The Circle.* Boston: Beacon Press books.

Sigurbjörg J. Helgadóttir. (2006). *Greining á starfi: Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum* Reykjavíkur. Sótt 31. mars 2012 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/utgafur/grunnskolar/kannanirogskimar/n_msr_dgjafar-lokaskyrsla.pdf

Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldhörf.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Skólafélagsráðgjöf. (e.d) *Saga og þróun skólafélagsráðgjafa.*Sótt þann 10.10. 2011 af <http://skolafelagsradgjof.wordpress.com/category/saga-og-%C3%BEroun-skolafelagsra%C3%B0gjafar/>

Snæfríður Þóra Egilson (2004). *Áhrifaþættir á þátttöku nemenda með hreyfihömlun.* Í Úlfar Hauksson, *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 531-542).

Umboðsmaður barna. (2010). *Barnasáttmálinn í heild.* Sótt 1. október 2011 af http://www.barn.is/barn/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/

Van Schoiack-Edstom, L., Frey, S. K. og Beland, K. (2002). Changing Adolescents' Attitudes About Relational and Physical Aggression: An Early Evaluation of a School-Based Intervention. *School Psychology Review*, 31 201-216. Sótt 29. október 2011 úr ProQuest gagnagrunninum.

Wade, C. Og Travis, C. (2006). *Psychology* (8. útgáfa). Upper Saddle River: Person Education.